



## LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2011

### **Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um mál nr. 193 á 140. löggjafarþingi, frumvarp til laga um fjársýsluskatt.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 7. nóvember sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagður til nýr skattur, svokallaður fjársýsluskattur, sem ætlað er að leggist á allar tegundir launa og þóknana fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða.

LL hafa ýmislegt við þennan skatt að athuga en í umsögn þessari verður þó fyrst og fremst lögð áhersla á þann þátt sem snýr að lífeyrissjóðunum sérstaklega enda eiga rökin fyrir skattlagningunni, sem tilgreind eru í athugasemdum með frumvarpinu, alls ekki við um lífeyrissjóði. Skattlagningu þessari er því harðlega mótmælt og þá einkum því að honum sé ætlað að ná til lífeyrissjóða þrátt fyrir að engin rök standi þar að baki.

Eitt þeirra raka sem tilgreind eru fyrir skattlagningunni er að fjármálafyrirtæki beri hlutfallslega minni skatta en aðrar atvinnugreinar, m.a. vegna undanþágu þeirra frá álagningu virðisaukaskatts. Skattinum sé ætlað að skapa meira skattalegt jafnræði milli atvinnugreina. Í þessu sambandi skal lögð áhersla á að á Íslandi er til staðar skyldubundið lífeyriskerfi sem hefur af stjórnvöldum verið talið hluti af samtryggingarkerfi landsmanna. Lífeyrissjóðir hafa það hlutverk að móttaka, varðveita og ávaxta iðgjöld og greiða lífeyri, sbr. nánar 20. gr. laga nr. 129/1997. Aðra starfsemi mega lífeyrissjóðir ekki hafa með höndum og er því örðugt að tengja framangreind rök við lífeyrissjóði sem hafa með höndum lögfest og skyldubundið sparnaðarkerfi landsmanna sem ætlað er til greiðslu lífeyris. Lífeyrissjóðir fara ekki með þau verkefni sem unnt er að tengja við þá starfsemi sem almennt ber virðisaukaskatt enda er í athugasemdum frumvarpsins hvergi minnst á starfsemi lífeyrissjóða. Aðeins er tilgreint að skattskyldan sé víðtæk og taki til allra lífeyrissjóða án nokkurrar frekari röksemdarfærslu. Þau rök sem talin eru til stuðnings skattlagningunni hafa ekkert með starfsemi lífeyrissjóða að gera og eiga því á engan hátt við um þá.

Í athugasemdum við frumvarpið er tekið fram að umræðan um skattinn sé „einnig sprottin af fjármálahruginu haustið 2008 og þeirri miklu fjárhagsaðstoð sem fjármálafyrirtæki víða um heim hafa notið af hendi hins opinbera í kjölfar hrunsins.“ Kostnaður almennings hafi því verið mikill af fjármálahruginu þar sem gengið hafi verið á opinbera sjóði.


Þessi rök eiga því síður við um lífeyrissjóði sem hafa að geyma sjóði almennings en eins og alkunna er fóru lífeyrissjóðirnir ekki varhluta af hruninu og ekki hvað síst vegna fjárfestinga er tengdust fjármálastarfsemi. Af þessum sökum hafa lífeyrissjóðir á almenna vinnumarkaðnum staðið frammi fyrir því að þurfa að skerða réttindi sjóðfélaga sinna.

Í frumvarpinu er ítrekað bent á að fyrirmyndin sé sótt til Danmerkur en í því sambandi þykir rétt að benda á að ekki liggur fyrir að danska lífeyrissjóðakerfið sé sambærilegt við hið íslenska sem er lögbundið skyldusamtryggingakerfi. Í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), í ársbyrjun 1994, gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þess efnis að íslenskir lífeyrissjóðir og þágildandi lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda féllu undir reglugerð EB nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, (sjá Stjórnartíðindi nr. 85-86, 2000 frá bls. 1527). Umrædd reglugerð nr. 1408/71 gildir um skyldubundin lífeyriskerfi og þau talin vera hluti almannatrygginga í skilningi reglugerðarinnar. Eftir því sem næst verður komið þá falla danskir lífeyrissjóðir undir tilskipun EB um tryggingastarfsemi og/eða tilskipun EB um starfstengda eftirlaunasjóði (Directive 2003/41EC). Þær tilskipanir ná ekki til íslensku lífeyrissjóðanna sem taka við skyldubundnum iðgjöldum. Landssamtök lífeyrissjóða fá því ekki séð að unnt sé að sækja fyrirmyndina af því að ætla að leggja sérstakan fjársýsluskatt á lífeyrissjóði hér á landi til Danmerkur.

Að lokum þykir rétt að vekja sérstaka athygli á því misræmi að vilji svo ólíklega til að skattlagning þessi verði látin ná til lífeyrissjóða mun það aðeins hafa áhrif á réttindi sjóðfélaga í almennu lífeyrissjóðunum en ekki á réttindi sjóðfélaga í opinberu sjóðunum. Breytingar sem þessar kæmu því til með að auka á þann mun sem ríkir milli þessara kerfa en það er í hrópandi andstöðu við þær yfirlýsingar sem núverandi ríkisstjórn hefur gefið um jöfnun innan lífeyriskerfisins. Háttvirtur fjármálaráðherra hefur á þinginu m.a. lýst því yfir að þáttur lífeyrissjóðanna sé óverulegur og lítill í þessari skattlagningu. Ætti því að liggja beint við að hlífa lífeyrissjóðunum við henni enda væri það til samræmis við þegar gefnar yfirlýsingar um að samræma stöðu sjóðfélaga.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri